



Ályktun um kjaramál

Fimmta reglulega þing SGS haldið í Reykjavík 14. – 15. október 2015 leggur áherslu á aukinn kaupmátt. Þá verði áfram lögð áhersla á hækkun lægstu launa með því að launahækkanir verði almennt í krónutölum. Þannig verði til framtíðar hægt að lifa af dagvinnulaunum.

Einnig gerir þing SGS þá kröfu að lífskjör á Íslandi verði sambærileg og á öðrum Norðurlöndum þar sem tekist hefur að tryggja efnahagslegan stöðugleika, ásamt því að byggja upp kaupmátt í jöfnum og öruggum skrefum. Leggja þarf áherslu á víðtæka samstöðu innan hreyfingarinnar um bætt vinnubrögð og nýjar lausnir við gerð kjarasamninga.

Þá krefst þing SGS þess að lífeyrisréttindi milli almenna og opinbera kerfisins verði jöfnuð. Mikilvægt er að verja réttindi félagsmanna og stuðla að aukinni fræðslu, sér í lagi hjá ungu fólki.